



## Hnoðri litli

stór – stakk – stinga  
stríð – stríða – strá  
ungi – engi – enginn  
lengi – angi – langur

Hnoðri litli var ungi.  
Mamma hans var stór önd.  
Hnoðri hafði engar fjaðrir.  
Það var mjúkur dúnn á honum.  
Hnoðri vildi læra að synda.

– Má ég fara að synda? sagði Hnoðri litli.  
– Nei, ekki enn, sagði mamma önd.

Dag nokkurn sagði mamma önd:  
– Í dag mátt þú synda, Hnoðri litli.  
– Gaman, gaman, sagði Hnoðri litli.  
– Ég skal bera ykkur á bakinu,  
sagði mamma önd.

Hnoðri fór upp á bakið á mömmu.  
Mamma bar ungana fimm á bakinu.  
Hún synti út í vatnið með þá alla.  
Allt í einu stakk hún sér.  
Ungarnir flutu á vatninu.

➤ Hvað er dúnn?

- Gaman, gaman, sögðu litlu ungarnir.
- Gaman, gaman, sagði Hnoðri litli.

Allt í einu kom stór alda.

Hnoðri litli fór á kaf.

Hnoðri litli varð hræddur.

- Ég vil fara heim, sagði hann.
  - Vertu ekki hræddur, sagði mamma önd.
- Vertu ekki hræddur við vatnið.
- Jú, ég vil fara heim, sagði Hnoðri litli.

Hinir ungarnir fóru að stríða honum.

- Hnoðri er hræddur.
- Hnoðri er hræddur við vatnið,  
sögðu litlu ungarnir.
- Komdu upp á nef mitt,  
sagði mamma önd.

Hnoðri settist á nef mömmu.

Hann sat á nefi mömmu sinnar.

Mamma önd fór út í vatnið.

Allt í einu stakk hún sér.

Hún stakk sér á kaf.

Hnoðri flaut í vatninu.



- Gaman, gaman, sagði Hnoðri litli.
- Nú var Hnoðri ekki hræddur.  
Ungarnir hættu að stríða honum.

- **Af hverju varð Hnoðri litli hræddur?**
- **Hvers vegna fóru ungarnir að stríða Hnoðra litla?**

Nú lærði Hnoðri að synda.  
Hann lærði að stinga sér.  
Hann stakk sér á kaf.  
Hann lærði að veiða.  
Hann lærði að veiða fiska.  
Hann veiddi litla fallega fiska.  
Hnoðri var enginn ræfill.

Ungarnir fóru að reyna sig.  
Hver varð fljótastur?

Það var Hnoðri litli.  
Hann var fljótastur að synda.  
Hnoðri vann verðlaunin.  
Verðlaunin voru fiskur.  
Það var stór og fallegur fiskur.

- **Fyrir hvað fékk Hnoðri litli verðlaun?**
- **Hvað fékk hann í verðlaun?**
- **Nú skaltu segja einhverjum söguna af Hnoðra litla.**